

## Heimildaskrá

Heimildaskrá geymir þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að finna réttu heimildirnar án mikillar fyrirhafnar. Í henni koma fram allar þær heimildir sem notaðar eru í ritgerðinni beint eða óbeint. Heimildaskrá kemur alltaf á nýrri blaðsíðu í lok ritgerðar og í stafrófsröð eftir nafni höfundar eða fremsta lið í hverri skráningu. Birta þarf ákeðnar grunnupplýsingar og gæta samræmis í framsetningu þeirra. Heimildaskráin er með línubili 1, vinstrijöfnun, hangandi inndrætti 0,7–1 cm og 3–6 pt á eftir.

Heimildir eru skráðar samkvæmt föstum reglum. Nafn höfundar, útgáfuár, titill verks, útgefandi, útgáfustaður. Taka þarf m.a. tillit til þess hvort höfundur er íslenskur eða erlendur, tegund verks, þ.e. hvort um er að ræða bók, tímaritsgrein, blaðagrein, vefheimild, fyrirlestur eða viðtal.

Titill er skáletraður.

Skírarnafn íslenskra höfunda kemur fyrst en eftirnafn erlendra.

Ef höfundar er ekki getið kemur titill heimildarinnar fremst, síðan ártalið og þar á eftir sá sem sá um útgáfuna.

Ef um grein eða kafla í tímariti eða safnríti er að ræða er nafn höfundar greinarinnar skráð fremst. Nafn greinarinnar er haft innan gæsalappa á undan heiti heimildar.

Ef heimild er tekin af Netinu gilda sömu reglur og almennt þannig að höfundur, eða sá sem ber ábyrgð á textanum, kemur fyrst, síðan ártalið o.s.frv. og vefslóðin síðust.

Ef allar aðrar upplýsingar vantar er vefslóðin gefin upp aftast í heimildaskránni. Varast ber að nota heimildir sem enginn er skráður fyrir. Í lokin þarf að koma fram hvenær heimild var sótt af Netinu.

Ef rætt er við heimildarmenn kemur nafn og fæðingarár heimildarmannsins fyrst, síðan dagsetning á viðtalinu og skýring á því hver hann er og hvernig hann tengist efninu. Heimildarmenn eru felldir inn í stafrófsröð heimildaskrár.

Þegar vísað er til heimildar í lesmáli kemur einungis nafn höfundar og ártal fram í tilvísuninni – ekki titill verksins. Hann kemur hins vegar fram í heimildaskránni. Í heimildaskrá þarf að skrá fullt nafn allra höfunda.

## Tilvitnanir og tilvísanir

### Beinar orðréttar tilvitnanir

Texti er tekinn orðrétt upp úr heimildinni og þess vandlega gætt að hnika hvergi til orði. Beinar tilvitnanir eiga að vera orðréttar og stafréttar. Þær mega ekki vera lengri en 80–120 orð hver og ekki meira en 15% textans í heild. Mikilvægt er að vanda val beinna tilvitnana, þær á að nota til að draga fram mjög mikilvæg atriði. Ef beinar tilvitnanir eru tvær línur eða styttri á að afmarka þær með gæsalöppum. Gæsalappir í íslensku byrja að neðan og enda uppi, þ.e. „ ... “ (Alt+0132 ... Alt+0147). Ef tilvitnun er lengri en tvær línur á að draga línur inn og stytta línubil. Þá eru gæsalappir ekki notaðar.

### Óbeinar tilvitnanir

Óbein tilvitnun er það kallað ef gerð er grein fyrir efni eða hugmynd án þess að taka orðrétt eftir heimild. Höfundur endursegir efni úr heimild með sínum eigin orðum.

### Tilvísanir

Á eftir óbeinum og beinum tilvitnunum þarf að koma tilvísun, þ.e. í hvaða heimild efnið er sótt. Í tilvísun kemur fram nafn höfundar (bókartitill ef höfundur er óþekktur) útgáfuár og blaðsíðutal.

## Sýnishorn af tilvísun í sviga á eftir tilvitnun

Bestu lýsinguna á Baagøe verslunarstjóra á Húsavík gaf skoski ferðamaðurinn Ebenesar Henderson sem heimsótti Húsavík seinnipart sumars árið 1814. Þar tóku faktorshjónin forkunnarvel á móti Henderson sem hafði þar skamma viðdvöl og fór hann fögrum orðum um þau fyrir snyrtimennsku og guðrækni.

Hans Baagøe er danskur maður, en hann er búinn að vera mörg ár á Íslandi. Og hann er sómi þjóðar sinnar, ekki aðeins fyrir það góða fordæmi, sem hann gefur Íslendingum í garðyrkju, heldur fyrir sína miklu trúrækni, og þar um er miklu meira vert. Hann er eini danski maðurinn í landinu, sem mjer er kunnugt um að iðki húslestra. (Henderson 1957:87).

Henderson lýsti líka garði Baagøes og hefur þar greinilega verið fjölbreytt ræktun. Hann nefndi ekki aðeins kartöflur og kál heldur líka „allstór beð með pastínaki, gulrótum, baunum, ertum, pjeturselju, salati og lauk.“ (Henderson 1957:87). Einnig taldi Henderson að bændur úr nágrenninu nytu góðs af þessari garðyrkjunáttúru verslunarstjórans en hann lét þá fá fræ og útsæði. Um staðinn sjálfan hafði hann þau orð að höfnin væri talin meðal hinna hættulegustu á landinu og lýsti hann aðstæðum á trú-verðugan hátt. Á staðnum væru fáein reisuleg timburhús og allmörg kot erfiðismanna auk brennisteins-verksmiðjunnar en hann fór nokkrum orðum um brennisteinsvinnsluna og námurnar. (Henderson 1957:87–88).

## Sýnishorn af tilvísun neðanmáls á sömu síðu

Bestu lýsinguna á Baagøe verslunarstjóra á Húsavík gaf skoski ferðamaðurinn Ebenesar Henderson sem heimsótti Húsavík seinnipart sumars árið 1814. Þar tóku faktorshjónin forkunnarvel á móti Henderson sem hafði þar skamma viðdvöl og fór hann fögrum orðum um þau fyrir snyrtimennsku og guðrækni.

Hans Baagøe er danskur maður, en hann er búinn að vera mörg ár á Íslandi. Og hann er sómi þjóðar sinnar, ekki aðeins fyrir það góða fordæmi, sem hann gefur Íslendingum í garðyrkju, heldur fyrir sína miklu trúrækni, og þar um er miklu meira vert. Hann er eini danski maðurinn í landinu, sem mjer er kunnugt um að iðki húslestra.<sup>1</sup>

Henderson lýsti líka garði Baagøes og hefur þar greinilega verið fjölbreytt ræktun. Hann nefndi ekki aðeins kartöflur og kál heldur líka „allstór beð með pastínaki, gulrótum, baunum, ertum, pjeturselju, salati og lauk.“<sup>2</sup> Einnig taldi Henderson að bændur úr nágrenninu nytu góðs af þessari garðyrkjunáttúru verslunarstjórans en hann lét þá fá fræ og útsæði. Um staðinn sjálfan hafði hann þau orð að höfnin væri talin meðal hinna hættulegustu á landinu og lýsti hann aðstæðum á trúverðugan hátt. Á staðnum væru fáein reisuleg timburhús og allmörg kot erfiðismanna auk brennisteinsverksmiðjunnar en hann fór nokkrum orðum um brennisteinsvinnsluna og námurnar.<sup>3</sup>

---

<sup>1</sup> Henderson 1957:87.

<sup>2</sup> Sama heimild:87

<sup>3</sup> Sama heimild:87–88.

## Sýnishorn af texta, óbeinum tilvitnunum og tilvísun

Bestu lýsinguna á Baagøe verslunarstjóra á Húsavík gaf skoski ferðamaðurinn Ebenesar Henderson sem heimsótti Húsavík seinni part sumars árið 1814. Þar tóku faktorshjónin forkunnarvel á móti Henderson sem hafði þar skamma viðdvöl og fór hann fögrum orðum um þau fyrir snyrtimennsku og guðrækni. Hann tók fram að Baagøe væri danskur maður og taldi hann vera sóma þjóðar sinnar. Það var vegna þess að hann gæfi Íslendingum gott fordæmi í garðyrkju en einkum vegna guðrækni og tók Henderson það fram að Baagøe væri eini Daninn á Íslandi sem honum væri kunnugt um að læsi húslestur.

Henderson lýsti líka garði Baagøes og hefur þar greinilega verið fjölbreytt ræktun. Hann nefndi ekki aðeins kartöflur og kál heldur líka tegundir á borð við pastínak, gulrætur, baunir, ertur, péturselju, salat og lauk. Einnig taldi Henderson að bændur úr nágrenninu nytu góðs af þessari garðyrkjunáttúru verslunarstjórans en hann lét þá fá fræ og útsæði. Um staðinn sjálfan hafði hann þau orð að höfnin væri talin meðal hinna hættulegustu á landinu og lýsti hann aðstæðum á trúverðugan hátt. Á staðnum væru fáein reisuleg timburhús og allmörg kot erfiðismanna auk brennisteinsverksmiðjunnar en hann fór nokkrum orðum um brennisteinsvinnsluna og námurnar. (Henderson 1957:87–88).